

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 31/2024

2024/EES/51/31

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2485 frá 27. júní 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til viðbótar til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi starfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfis-markmiðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2468 frá 27. júní 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða með hvaða skilyrðum atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að sjálfbærri notkun og verndun vatns og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásar-hagkerfi, mengunarvarnir og -eftirlit eða vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa og ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum og um viðbætur við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 að því er varðar sérstaka opinbera birtingu upplýsinga fyrir þessa atvinnustarfsemi ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31pa (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139):

„– **32023 R 2485:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2485 frá 27. júní 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2485, 21.11.2023).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31pb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178):

„– **32023 R 2486:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2486 frá 27. júní 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2486, 21.11.2023).“
3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31pb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178):

⁽¹⁾ Stjtið ESB L, 2023/2485, 21.11.2023.⁽²⁾ Stjtið ESB L, 2023/2486, 21.11.2023.

„31pc. **32023 R 2486**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2468 frá 27. júní 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða með hvaða skilyrðum atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að sjálfbærri notkun og verndun vatns og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og -eftirlit eða vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa og ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum og um viðbætur við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 að því er varðar sérstaka opinbera birtingu upplýsinga fyrir þessa atvinnustarfsemi (Stjtíð. ESB L, 2023/2486, 21.11.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2023/2485 og (ESB) 2023/2486, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.